

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

MARS 2020



3. tbl. 23. árg.

Hard Rock
CAFE
REYKJAVÍK

HÁDEGISTILBOÐ
★★★★★★★★

kr. 1.490.-



Athafnasvæði KR eins og það er í dag. Undirbúningur undir uppbyggingu þar hefur staðið lengi yfir og endanlegar ákvarðanir liggja enn ekki fyrir. Þó er ljóst að þegar framkvæmdir hefjast mun verða byrjað á að reisa knattús fyrir félagið. Félagsstarf KR er löngu farið að líða fyrir aðstöðuleysi. Nánar á bls. 14.



OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIDISTORGI

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Apótekið þitt
í hverfinu þínu
Héðinshúsinu Seljavegi 2

Góð þjónusta
Hagstætt verð

FAGLEG RÁÐGJÖF / LYF / SNYRTIVÖRUR / HEILSU- & NÁTTÚRUVÖRUR

REYKJAVÍKUR APÓTEK
HÉÐINSHÚSINU SELJAVEGI 2 – SKEIFUNNI 11

Gleraugun heim!

Þú getur verslað linsur, gleraugu með styrk og margt fleira á eyesland.is.

Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu!

Eyesland gleraugnaverslun · www.eyesland.is

Sent eða sótt!

Við í Melabúðinni höfum aðstoðað viðskiptavinum okkar með heimsendingar undanfarið og ætlum við að bjóða upp á heimsendingar meðan þetta ástand varir í næstu póstnúmer við okkur. Einnig bjóðum við upp á að taka til vörur sem hægt er að sækja til okkar eða fá afhent í bílinn.

Sjá nánar á: *Melabúðin - Þín verslun* á Facebook.

Melabúðin
Þín verslun

Sími 551-0224
melabudin@melabudin.is

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrót: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

3. tbl. 23. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

Stjórnlaus hækkun húsaleigu

Fyrir skömmu var ákveðið með lögum að frysta húsaleigu í Berlín í fimm ár. Í New York hefur heimild leigusala til að hækka leigu þegar nýir leigjendur flytja inn verið felld úr gildi. Þar hefur einnig verið gripið til aðgerða til að íbúðir fari ekki úr útleigu. Í Vínarborg er stór hluti af leigmarkaðnum í höndum hins opinbera. Hann er stöðugur og hefur dregið íbúa til borgarinnar. Í mörgum löndum tíðkast að fólk leigi íbúðir til langs tíma í stað þess að festa kaup á þeim.

Á Íslandi er þessu farið með öðrum hætti. Hér hefur húseignarstefna verið ríkjandi. Trúlega má rekja rætur hennar til þeirra tíma að jörð eða landskiki skapaði fólk tækifæri og færði það ofar í stiga álits og virðingar. Pólitísk sjónarmið hafa einnig beint fólk á leið sjálfseignastefnunnar.

Á árunum eftir hrun urðu breytingar. Mikil gengisfelling krónunnar í kjölfar hrunsins haustið 2008 leiddi til þess að lán sem flest voru tengd vísitölu og þar með verðtryggt hækkuðu mikið. Oft langt umfram það sem fólk réð við að standa undir.

Í framhaldi af því gengu lánastofnanir með stuðningi stjórnvalda hart fram í því að taka eignir af fólk. Síðan voru þessar eignir seldar. Ekki venjulegu fólk. Heldur stórum eignarhaldsfélögum sem sum hver spruttu upp. Þau keyptu íbúðir í þökkum. Jafnvel fjármagnaðar af sömu lánastofnunum og höfðu hirt þær af almennungi.

Á sama stíma stöðvaðist byggingariðnaðurinn næstum alveg í nokkur ár. Þetta leiddi af sér húsnæðisvanda. Leiguverð rauk upp. Einkum í krafti leigufélaganna sem skirtust ekki við að spenna leiguna eins hátt og mögulegt var. Enda var um hagnaðardrífín félög að ræða. Arðurinn til eigendanna skipti öllu máli.

Nú á að bæta á húsnæðisöryggi leigjenda með því að koma í veg fyrir óeðlilegar hækkunir á leiguverði og stuðla að langtímaleigu. Þetta kemur fram í frumvarpi Ásmundar Einars Daðasonar, félags- og barnamálaráðherra. Frumvarpið er nú í samráðsgátt stjórnvalda.

Enn er mikill húsnæðisvandi á höfuðborgarsvæðinu. Vandur sem ekki sér fyrir endann á. Spurning er um að hve miklu leyti stjórnvöld verða að taka til sinna ráða. Líkt og orðið hefur í Berlín, New York og víðar. Stjórnlaus hækkun húsaleigu getur ekki orðið til lengdar.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook

Fjölmennasta íbúðarhús landsins tekið í notkun

Stærsti stúdentagarður á Íslandi og jafnframt fjölmennasta íbúðarhús á landinu á einu húsnúmeri hefur verið tekið í notkun. Stúdentagarðurinn nefnist Mýrargarðurur er í eigu Félagsstofnunar stúdenta og er á svæði Vísindagarða Háskóla Íslands. Húsið stendur við Sæmundargötu 21 og er um 14.000 fermetrar að stærð á fimm hæðum. Þar eru 244 leiguingar fyrir barnlaus þör og einstaklinga. Rými fyrir tæplega 300 manns.

Í stúdentagarðinum er boðið upp á nýtt íbúðarform sem stendur saman af átta til níu íbúðum í kjarna. Þar búa einstaklingar eða vinahópar saman í átta og níu herbergja íbúðum. Herbergin eru með sér baðherbergjum en fullbúnum eldhúsum og setustofum er deilt. Með byggingu hins nýja stúdentagarðs og öðrum aðgerðum hefur Félagsstofnun stúdenta tekist að vinna talsvert á löngum biðlistum eftir plássi. Frá árinu 2013 hefur leiguingum fjölgað sem nemur um 645. Alls eru um 1.450 leiguingar sem hýsa stúdenta og fjölskyldur þeirra. Félagsstofnun stúdenta hefur nú náð að byggja allt að helming þeirra leiguinga sem stefnt er á að byggja á næstu árum.



Guðrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta og Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, afhjúpuðu nafnskjöld fyrir samkomusal Mýrargarðs, en hann heitir Eiríksbúð. Með því er verið að heiðra minningu Eiríks Hilmarssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra Vísindagarða Háskóla Íslands. Með þeim á myndinni er Jón Atli Benediktsson rektor Háskóla Íslands.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir að á fyrstu 100 árum frá stofnun háskólans eða fram til 2011 hafi verið um 700 stúdentaíbúðir. Á síðustu árum hafi tekist að tvöfalda þann fjölda og miklu meira sé framundan. Þarna hafi Félagsstofnun stúdenta tekist að

skapa samfélag stúdenta þar sem allir eru með og Mýrargarðurur er frábært dæmi um það. Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands segir að Mýrargarðurur sé glæsilegur og mikil lyftistöng fyrir okkur öll.

Söluhúsin komin á Ægisgarð

Verið er að ljúka uppsetningu nýrra söluhúsa við Ægisgarð í gömlu höfninni í Reykjavík. Verkinu hefur seinkað vegna tíðarfars og einnig lítilla vegna tæknilegra úrlausnarefna.

Hafnarstjórn ákvað á fundi 12. apríl 2019 að taka tilboði E. Sigurðssonar ehf. í byggingu söluhúsanna við Ægisgarð. Tilboðsverðið var 398,6 milljónir króna. Gengið var frá verksamningi 15. maí, 2019 og gerir hann ráð fyrir að verkinu verði lokið í lok apríl. Söluhúsin koma í stað eldri húsa sem voru fjarlægð.



Verið er að ljúka frágangi söluhúsanna við Ægisgarð.

Húsfélagþjónusta

Leiðandi í hagkvæmni og rekstri húsfélaga

✓ Bókhald og fjármál

✓ Húsfélagafundir

✓ MÍNAR SÍÐUR

✓ Þjónustusaga húss

✓ Önnur þjónusta




• EIGNAUMSJÓN www.eignausmsjon.is



Bankþjónustan þín er í Landsbankaappinu

Í appinu getur þú:

- » Komið í viðskipti
- » Stofnað kort og reikninga
- » Skráð kortin þín í snertilausar greiðslur
- » Haft yfirsýn yfir öll þín fjármál
- » Dreift kreditkortareikningum
- » Sótt um Aukalán
- » Skoðað greiðsluseðla og rafræn skjöl
- » Millifært á innlenda og erlenda reikninga
- » Sótt um íbúðalán og hafið greiðslumat



 Google Play

 App Store

Aðflutt fólk skilar miklu í þjóðarþúíð

- segir Claudia Ashonie Wilson, lögfræðingur

Claudia Ashonie Wilson, lögfræðingur hefur verið nokkuð í sviðsljósinu að undanfögnu. Hún starfar meðal annars að mannréttindamálum og hafa málefni tengd fólki sem leitað hefur eftir alþjóðlegri vernd og búsetu hér á landi komið á hennar borð. Claudia starfar hjá Rétti lögmansstofu í eigu Ragnars Aðalsteinssonar og fleiri – stofu sem hefur sérhæft sig í mannréttindamálum. Claudia er sjálf mikil áhugamanneskja um mannréttindi og er því á heimavelli með Ragnari og félögum í Rétti. Claudia á sér sína sögu. Hún er sjálf nýbúi hér á landi. Er ættuð frá Jamaica en hefur búið hér í um tvo áratugi.

Claudia kynntist íslenskum manni og þau settust að á Selfossi eftir að hún kom hingað. Hún segir að þá hafi skilyrði fyrir því að setjast að hér á landi ekki verið eins ströng og síðar varð. Auðveldara hafi verið á fá landvistarleyfi. “Skilyrðin voru þrengt með nýjum útlendingalögum sem tók gildi 2003. Þá voru aðeins um 2% fólks af erlendum uppruna en eru nú komin í 15,6%.”

Lærði íslensku fyrst af samstarfsfólki á Selfossi

Talið berst að Selfossi. “Ég var í áratug á Selfossi en flutti til Reykjavíkur árið 2011. Í fyrstu fór ég að vinna við hótellstörf. Þar kynntist ég ágætum fólki, flest voru eldri konur sem ég vann með. Þær töluðu litla eða enga ensku og það sýndi mér að ef ég ætlaði að búa hér til frambúðar yrði ég að ná tökum á íslensku. Ég naut samstarf við þessar konur. Eldra fólk talar oft betri íslensku en það yngra sem kynnt hefur og lært önnur tungumál. Ég lærði af þeim. Ef ég lít til baka þá var íslensk langamma strákanna minna ein af mínum uppáhalds konum. Við töluðum alltaf saman á íslensku, en hún féll frá fyrir fjórum árum.”

Fann fljótt mun á rituðu máli og framburði

Hvað fannst Claudiu erfiðast við íslenskuna. “Ég bjó til mína eigin orðabók. Skrifaði íslensku orðin niður eins og þau hljómuðu fyrir mér ásamt réttri stafsetningu og merkingu orða. Ég fann fljótt fyrir

mun á rituðu máli og framburði. Sum orð eru borin fram með öðrum hætti en þau eru skrifuð. Mér fannst að búa mér til mína eigin orðabók hjálpa mér og ég lærði síðan að skrifa orðin rétt. Ég sótti námskeið í íslensku en ég lærði mest í gegnum annað nám sem ég hef stundað hér á landi. Íslenskukennsla fyrir nýbúa hér á landi þarf að taka betra mið af aðstæðum fólks. Þær eru mismunandi frá einum einstaklingi til annars og það vantar betri samræmingu milli kennslu og kennsluefnis. Þá ber jafnframt að taka tilliti til þess að fólk kemur frá ólíkum málsvæðum. Sumir tala ekki ensku og hafa jafnvel aldrei verið í skóla í sínu heimalandi. Við verðum að vera raunsæ gagnvart þessu. Það eru ekki allir með sama bakgrunn eða sömu aðstæður. Sumir innflytjendur eru ekki læsir, sérstaklega þeir sem koma frá svæðum þar sem aðgengi að menntun er ekki sjálfgefið. Við verðum að ná til fólks sem kemur þaðan, ef við ætlum að tryggja að fleiri tali íslensku.”

Tók framhaldsskóla og háskólanám á Íslandi

Claudia lét ekki staðar numið við að læra íslensku. Hún tók sér lengra nám fyrir hendur. “Ég byrjaði á að fara í Fjölbrotaskóla Suðurlands á Selfossi. Ég var á viðskipta- og hagfræðibraut og var þriðjung í að fá stúdentsprófið þegar innritaði ég mig í laganám við Háskólann í Reykjavík. Ég var þegar með stúdentspróf frá Jamaíku, en ég ákvað samt að fara í menntaskóla hér. Þegar ég hóf laganámið mitt, bjó ég á Selfossi og keyrði nær daglega á milli fyrstu þrjú árin. Í öllum veðrum. Ég var nokkuð heppin. Það var minna um óveður og lokanir þá en nú að undanfögnu. Ég mañ líka þegar ég sá snjó í fyrsta skipti. Ég þurfti að bragða á honum. Finna hvernig þetta hvíta duft var á bragðið, en ég veit ekki svo sem hverju ég átti von á”, sagði Claudiu hlæjandi. “Ég er að eðlisfari forvitin og vil vera með í því umhverfi þar sem ég er. Ég lít á allt sem ég fæst við sem áskorun. Að gefast upp er ekki til í orðaforða mínum. Ég hef aldrei lært það hugtak.”



Claudia Ashonie Wilson.

Fólk er að vinna störf fjarlæg menntun þess og starfsreynslu

Claudia heldur áfram að ræða möguleika fólks sem flytur hingað til lands. Hún telur mikla nauðsyn á að fólk læri tungumálið. Ef fólk hafi vald á tungumálinu sé það komið meira inn í samfélagið. Hún bendir þó á að tungumálið sé ekki það eina sem fólk þurfi að yfirstiga. Fleiri vandamál séu fyrir hendi. “Fólk sem flytur frá öðrum löndum hefur oft mun minni aðgang að störfum - einkum störfum sem hæfa þeirri menntun sem það kemur með frá heimalandinu og eftir atvikum hafa aflað sér hérlendis. Fólk er oft að vinna störf sem eru fjarlæg menntun þess og þeirri starfsreynslu sem það býr að.”

Fórnlambsvæðing í stað valdeflingar

Claudia er meðhöfundur skýrslu sem unnin var fyrir fyrir Rétt um möguleika innflytjenda að

Þegar ég hóf laganámið mitt, bjó ég á Selfossi og keyrði nær daglega á milli fyrstu þrjú árin. Í öllum veðrum. Ég var nokkuð heppin. Það var minna um óveður og lokanir þá en nú að undanfögnu.

vinnumarkaði, en það verkefni var styrkt að hluta af innflytjendasjóði. Hún segir skýrsluna staðfesta m.a. mikilvægi þess að aðlögunin sé gagnkvæm. „Niðurstöðu skýrslunnar var meðal annars sú að heildstæða stefnu um aðlögun á vinnumarkaði skorti. Þess til viðbótar að áætlanir um aukna atvinnuþátttöku erlendra ríkisborgara hjá hinu opinbera ekki hluti af stefnumótun. Einnig að litið sé á mikla atvinnuþátttöku sem góða aðlögun að vinnumarkaði. Loks að það sé frekar litið á erlenda ríkisborgara sem þjónustuþega heldur en þjónustuveitendur við

opinbera stefnumótun. Ég hef áhyggjur að slíkt viðhorf geti aukið líkur á fórnarlambsvæðingu í stað valdeflingar fyrir innflytjendur.“

Aðlögunin er gagnkvæm

Vissulega þarf fólk af öðru þjóðerni að laga sig að samfélaginu hér en samfélagið verður líka að aðlagast nýbúum og læra að taka við þeim og meta það sem þeir hafa fram að færa. Þarna er ég að tala almennt um málin en út frá minni persónulegu reynslu hefur mér gengið vel að koma mér fyrir í samfélaginu. Það hefur eflaust

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30





Við vinnu á lögmannsstofunni.

hjalpað að ég er óhrædd við að gera kröfur og setja mig í óþægilegar aðstæður. Ég er mjög ánægð að hafa fengið tækifæri til þess að taka þátt í umræðu um það sem ég hef áhuga á. Ekki síst umræðu um umhverfismál, mannréttindi og stjórnmál.”

Útlendingastofnun styðst mjög við ákvæði Dyflinnarreglugerðarinnar

Talið berst að útlendingamálunum en Claudia vinnur að málefnum fólks af erlendum uppruna sem er í viðkvæmri stöðu hér á landi. Fólks sem af ýmsum ástæðum hefur sóst eftir alþjóðlegri vernd hérlendis. Claudia vann nýlega að máli íranskrar fjölskyldu með góðum árangri og kom í veg fyrir að transstrákur ásamt fjölskyldu sinni væri gert að fara aftur til Íran þar sem líf og frelsi þeirra væri ógnað. Hún segir að í útlendingalögum sé að finna heimild fyrir Útlendingastofnun að taka mál fólks sem hingað leitar til

efnismeðferðar. Þrátt fyrir að hún sé til staðar sé henni sjaldan beitt en Útlendingastofnun styðjist mjög við ákvæði Dyflinnarreglugerðarinnar sem kveða m.a. um að það Evrópu ríki sem umsækjandi hafi stoppað fyrst beri ábyrgð. Endursendingar umsækjenda um alþjóðlega vernd til annars Evrópu ríkis sé því umfangsmeiri hér á landi. „En þrátt fyrir hvernig brugðist er við þeim sem leita hælís hér á landi er mín upplifun að Íslendingar séu almennt mannréttindasinnað fólk. Viðbrögð við umdeildum málum sem komið hafa upp sýna að fólk er tilbúið að láta heyra í sér. Láta sjónarmið sín í ljós.“

Lög um útlendinga þurfa gagngera endurskoðun

Claudia segir að aðkomið fólk sem hefur verið að berjast fyrir að öðlast hér réttindi og landvistarleyfi hafi fengið ótvíræðan stuðning úr ýmsum áttum. „Þetta veitir mér innblástur sem lögmanni sem vinnur við þennan erfiða málaflök. Þjóðin er óhrædd að tjá sig og fólk

krefst mannúðlegri meðferð fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd en liggur fyrir af hálfu yfirvalda. Fyrir mér er það ljóst og ég byggi það bæði á mínum sjónarmiðum og reynslu sem lögmaður sem starfar að þessum málum að lög um útlendinga þurfa gagngera endurskoðun. Við munum áfram sjá fjölmiðla og fólk kalla eftir réttlátari málsmeðferð. Ég á ekki við að galopna eigi öll landamæri. Það er ekki tilgangurinn. Hlutverk mitt sem mannréttindalögfræðings er að skoða hvort mannréttindabrot hafi verið framin og hvernig hægt er að styðja við fólk með þeim tækjum og tólum sem eru fyrir hendi, sem er fyrst og fremst lög og dómstólar í þessu landi.“

Fólk flutt úr landi áður en mál þess koma fyrir dómstóla

Claudia segir að þeir umsækjendur um alþjóðlega vernd sem vilja leita réttar síns fyrir íslenskum dómstólum fái sjaldan tækifæri til að dvelja áfram hérlendis á meðan að málaarekstri stendur. Kærufnd útlendingamála synjar um 85% slíkra beiðna. Fólk sé því flutt úr landinu áður en mál þeirra koma fyrir dómstólum og sú hættu er að lögmenn missa tengsl við umbyðendur sínir eftir að þeir yfirgefa landið. Claudia tók sérstaklega fram að málefni barna á flótta þurfa svo sannarlega mikla endurskoðun, en stjórnvöld virðist ekki vera í raun að taka tilliti til ákvæða barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þegar þau má eru til skoðunar. Sem lögfræðingur á ég erfitt með að segja til um af hverju þetta er svona en geri mér grein fyrir að mikillar endurskoðunar er þörf.”

Aðflutt fólk skilar miklu í þjóðarbúið

Claudia vitnar til greinar sem Hannes G. Sigurðsson

aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins vann. „Þar kemur fram hversu jákvæð áhrif fólk sem komið hefur hingað frá öðrum löndum hefur haft á atvinnulífið, en hann telur fram að þátttaka erlendra ríkisborgara á vinnumarkaði hafi verið lykilþáttur í að skapa hagvöxt síðustu ára. Hannes nefndi m.a. að næstum fjórði hver starfsmaður á Íslandi sé erlendur og atvinnuþátttaka þeirra sé mjög há, eða 94% samanborið við 77% hjá innfæddum. Það er að skila miklu í þjóðarbúið.“

Hærra hlutfall aðfluttra en á Norðurlöndunum

Claudia segir ljóst að jákvæðu áhrifin koma víðar fram. „Fólk ættað frá ólíkum svæðum er að deila menningu sinni með innfæddum á sama hátt og aðfluttir þurfa að aðlagast því umhverfi sem þeir búa í. Samkvæmt skýrslu OECD frá 2016 og norrænni skýrslu um atvinnuþátttöku og menntun innflytjenda og flóttamanna á Norðurlöndunum frá 2019 er hæsta hlutfall fólks af öðru þjóðerni en innfætt á vinnumarkaði á Íslandi ef borið saman við hin Norðurlöndin. Þetta er með öðrum hætti en sú

staðalímynd sem aðflutt fólk hefur þurft að sæta um að þau séu hér til þess að lífa á kerfinu. Allar tölur sýna að Íslendingar njóta þess að hafa aðflutt fólk.“ Claudia segir að nú sé önnur kynslóð fólks af erlendum uppruna að vaxa upp hér á landi. „Þetta á í raun að vera fólk í mun betri stöðu hvað tækifæri til atvinnu varðar en foreldrarir sem komu hingað. Þurftu að læra tungumálið og laga sig að umhverfi og mannlífi sem gat verið ólíkt því er í þeirra heimalandi. Er eins og staðan er í dag er engin opinber stefna til um hvernig eigi að fá fólk af þessari kynslóð til starfa hjá hinu opinbera. Ýmsar rannsóknir sýna að hlutfallslega færri innflytjendur útskrifast úr framhaldsskóla en nemendur af íslenskum uppruna. Við eigum enn margt ógert. Stjórnvöld þurfa að setja skýra stefnu en ekki síst að tryggja framkvæmd þess ef við ætlum að vinna bug á þessari þróun og skapa öruggari framtíð fyrir börn af erlendum uppruna. Alveg er ljóst að fólk af öðrum þjóðernum hefur sest hér að. Það er komið til að vera. Þau hafa og vilja halda áfram að skapa verðmæti fyrir samfélagið og auðga það að menningarlegum áhrifum.“

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

SMURLOTTÓ



Þú kemur með bílinn þinn í smurþjónustu í Motormax Vatnagörðum 12 á tímabilinu 10. janúar - 1. apríl og þú ert komin/n í pottinn.

Í verðlaun eru tveir VIP miðar á

KAPPAKSTUR Á SPA BRAUTINNI Í BELGÍU

í boði Motul og Motormax

flug og gisting innifalin

MOTUL

Motormax

Hlaðgerður

Ný hleðslustöð fyrir rafdrifna-bíla á Fornhaga



Rafknúinn bill tengdur við rafhleðslustöðina Hlaðgerði við Fornhaga. Hægt er að kaupa aðgang að stöðinni með appi.

Íbúar á Fornhaga 11 til 17 tóku nýja rafhleðslustöð fyrir bíla í notkun fyrir skömmu. Þeir skáluðu í heilsudrykkjum fyrir opnun stöðvarinnar. Það fer vel saman því stöðin á að fæða rafdrifna og heilsusamlega bíla. Hleðslustöðin hefur fengið heitið Hlaðgerður og getur hlaðið tvo bíla í einu enn sem komið er, en þar sem búíð er að undirbúa jarðveginn er með lítilli fyrirhöfn hægt að bæta við hleðslubúnaði fyrir tvo bíla til viðbótar.

Enginn rafbíll er sem stendur í eigu íbúa en gert er ráð fyrir að það breytist fljótlega. „Til þessa hafa aðstæður ekki boðið upp á rafbíla við blokkina,“ segir Sólrún Harðardóttir íbúi og þátttakandi í umhverfisnefnd húsfélagsins. „Það eru íbúar í startholunum með að kaupa sér rafbíl“. Mikil samstaða er meðal íbúa Fornhagablokkarinnar um umhverfismál og líta þau á hleðslustöðina sem mikilvægan þátt í vistvænum lífnaðarháttum. Framkvæmdin var styrkt af Reykjavíkurborg og OR fyrir um 1,5 milljónir króna í samræmi við áttak í uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum í Reykjavík. Eitt af verkefnum þess átaks eru styrkir til húsfélaga. Nú þegar hafa verið samþykktar umsóknir til húsfélaga fyrir um 20 milljónir króna, en það eru rúmlega 400 íbúðir sem njóta þeirrar uppbyggingar.

Kostnaður húsfélagsins fyrir stöðina og uppsetningu hennar var í heild um 3,4 milljónir króna, en leggja þurfti sérstaka heimtaug að stöðinni. Hleðslustöðin er frá Ísorku og kynnti Jón Árni Jónsson frá Ísorku virkni stöðvarinnar fyrir íbúum. Stöðin er stillt í dag til að geta þjónað fleirum en íbúum á Fornhaga 11 til 17 og kaupa aðrir sér aðgang í gegnum kerfi Ísorku með appi eða aðgangsslykli.

Nýir boltavellir við Vesturbæjarskóla

Nýir boltavellir og leiksvæði með trampólínum og pókóvöllum koma við Vesturbæjarskóla í sumar. Borgarráð hefur heimilað umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við annan áfanga vegna endurgerðar og stækkunar lóðar við Vesturbæjarskóla.

Áður hafa farið fram gagn-gerar endurbætur á skólalóðinni þegar áfangi eitt var framkvæmtur í fyrrasumar. Í þeim áfanga var gengið frá lóð við nýja viðbyggingu skólans, ný leiktæki og rólur sett upp, auk yfirbyggðs hjólaskýlis og vistlegra útivistarpalla úr tré. Þá var hellulögn endurnýjuð í kringum skólann. Í öðrum áfanga verður lóðin stækkuð í samræmi við samþykkt deiliskipulag og komið fyrir nýrri gönguleið á milli Hringbrautar og Ásvallagötu. Gerðir verða nýir boltavellir og leiksvæði á gervigrasi, ný hvíldar- og útikennslusvæði ásamt pókó- og trampólíngörðum. Einnig verður



Ný leiktæki voru sett upp þegar lokið var við fyrsta áfanga við lóð Vesturbæjarskóla var kláraður í haust.

komið fyrir setbekkjum, leikpöllum og nýjum gróðurbeðum á lóðinni. Þess má geta að enginn fótboltavöllur með gervigrasi er í

þessum hluta Vesturbæjar. Framkvæmdir eru áætlaðar sumarið 2020 og kostnaður er áætlaður 90 milljónir króna.

Öskudagur í Landakotsskóla



Öskudagurinn var haldinn hátíðlegur í Landakotsskóla daginn fyrir vetrarfríð. Nemendur og kennarar gerðu ýmislegt sér til skemmtunar í skólanum eins og sjá má af myndinni.

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



Netverslun:
systrasamlagid.is

Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis




Webasto
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bildshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is

Sagnasjóður handa nýrri öld

Íslendingasögur og þættir
í nýrri og glæsilegri fimm binda heildarútgáfu



„Íslendingasögurnar eru úrvalsverk heimsbókmenntanna og fá enn nýtt líf í þessari vönduðu útgáfu Saga forlagsins. Þær hafa öllu öðru fremur skapað og styrkt vitund Íslendinga sem þjóðar við útmörk Evrópu og verið okkur siðferðislegur leiðarvísir og vísidómsbrunnur. Enn eru þær sístarfandi að mótun okkar og mikilvægi þeirra er augljóst á hvaða tímum sem er - og kannski sérstaklega nú á okkar dögum.“

Arnaldur Indriðason:

„Við Íslendingar eigum engar fornar borgir með höllum og höfuðkirkjum, listasöfnum eða háskólum. En við eigum fornar bækur með listaverkum á borð við Íslendingasögur og það eru okkar dýrgripir, hallir og höfuðkirkjur, listasöfn og háskólar.“

Einar Kárason:

„Íslendingasögurnar bjóða okkur að setjast við fótskór formæðra okkar og forfeðra þar sem við heyrum þau sjálf segja frá sigurum sínum og sorgum, vonum og ótta. Enn berst þaðan hvinur af sverðum og gustur hnífbeittra orða.“

Gerður Kristný:

Ritstjórar útgáfunnar eru Aðalsteinn Eyþórsson, Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Útgáfan er skreytt 40 myndum eftir dönsku listakonuna Karin Birgitte Lund.

Útgáfan er aðgengileg og læsileg, sögurnar 40 og þættirnir 51 eru á nútímastafsetningu og þeim fylgja ítarlegir formálar sem greiða götur um veröld sagnanna, vandaðar orðskýringar, vísaskýringar og nafnaskrá auk greina og mynda sem varpa ljósi á húsakost og híbýli, skip og siglingar, vopn og verjur. Þá fylgir útgáfunni

sagnalykill sem nýtist þeim sem vilja skyggjast dýpra í sagnaheiminn, skoða sambærilega þætti í fleiri en einni sögu, hvort sem áhuginn beinist að bardögum og vígum, haugum, dysjum og helgum fjöllum eða útræði og hlunnindum, aflraunum og líkamsburðum eða draugum og reimleikum, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Bækurnar fimm eru einstaklega vandaðir prentgripir

SAGA
FORLAG

vinland@centrum.is • sími: 8937719 • 5627950 • www.sagaforlag.is

Eucerin[®]



24 TÍMA RAKABOMBA MEÐ 3X MEIRI HÝALÚRONSÝRU*

*3x meiri virkni, samanborið við Hyaluron-Filler CC Cream

Vesturbæjarskóli

Hugmyndakassi á skólatorgi



Margrét og Fríða á Skólatorgi Vesturbæjarskóla taka við umslagi með hugmyndum nemenda.

Í vetur hefur verið unnið með hugmyndakassa á Skólatorgi í Vesturbæjarskóla. Margar góðar hugmyndir hafa verið settar í kassann sem Réttindaráð skólans fór síðan yfir á Réttindaráðsfundum.

Hugmyndakassinn styður við 12. grein Barnasáttmála Sameinuðriþjóðanna en hún fjallar um rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif. Nú er komið að því að koma hugmyndunum til réttra aðila og vonast er til að eitthvað komist í framkvæmd. Sem dæmi um hugmyndir eru margir sem vilja salt og pipar í matsalinn og ætlar Hector að sjá um það. Margir hafa beðið um leiklist og nú er boðið upp á leiklist í einhverri mynd í 3. til 7. bekk. Margrét og Fríða á Skólatorgi fengu afhent umslag með hugmyndum en einnig Hector og stjórnendur skólans.

Elías Mikael

Hlaut fyrstu verðlaun í smásagna-keppni Félags enskukennara

Elías Mikael Steinarsson nemandi í Hagaskóla hlaut á dögunum fyrstu verðlaun í smásagna-keppni Félags enskukennara FEKÍ fyrir sögu sína *Only Joy*. Eliza Reid forsetafrú afhenti verðlaunin á Bessastöðum 25. febrúar síðastliðinn.

Sagan hlaut verðlaun í flokki 8. til 10. bekkjar, en í sögunni má finna kraftmikið myndmál, næma frásagnarhæfni og afar frumleg efnistöð. Í Hagaskóla er lögð rækt við sköpun í rituðu máli og er þátttaka skólans í keppninni hluti af námi nemenda. Viðurkenning af þessum toga er nemendum og kennurum hvatning til að halda því starfi áfram.



Elías Mikael Steinarsson nemandi í Hagaskóla og Eliza Reid.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson Margrét Á. Guðjónsd. Kristín Ingólfssdóttir Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Skoðunarstöðin á Hólmaslóð verður lokuð næstu vikurnar.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefur fengið afnot af stöðinni í þágu almannavarna.

Upplýsingar um allar stöðvarnar okkar er að finna á frumherji.is.



Frumherji

AFGREIÐSLUTÍMI mán.-fös. kl. 8-17

Sími 570 9090 • www.frumherji.is

Þú færð hálkusaltið hjá okkur
5kg í poka, 10kg í fötu og 25kg í poka



SALTKAUP
Salt - Umbúðir - íbætiefni

Saltkaup ehf | Cuxhavengata 1 | 220 Hafnarfjörður | Sími 560 4300 | saltkaup.is

Tímalína í rörinu í Melaskóla



Nemendur við tímalínuna í rörinu í Melaskóla.

Fimmti SL bekkur í Melaskóla ákvað að gera tímalínu frá upphafi alheims og fram á okkar dag. Leyfi fékkst til að nota rörið eða Undirgöngin milli skólanna eða rörið eins og þau eru jafnan kölluð voru notuð til þess að setja línuna upp sem nýtti nær alla lengd þeirra. Hver metri táknaði einn milljarð ára eða þúsund milljónir ára. Tímalínan var því 13.8 metra löng. Hver sentimetri sýndi því tíu milljónir ára og einn millimetri eina milljón ár.

Saga mannsins eða nútíma mannsins er því um 1/4 af einum millimetra af allri þessari lengd. Síðasti

sentimetrinn var stækkaður upp í einn metra og síðan endurtekið aftur og aftur til að sýna nútímann. Nemendur skiptu síðan upplýsingum í fjóra flokka. Blátt sem lit alheims, stjarna og vetrarbrauta en brúnt lit jarðar og jarðartengdu, grænt fyrir allt líf og rautt allt sem snertir sögu mannsins. Margskyns fróðleikur kemur fram á tímalínunni sem hefur vakið áhuga og umræður og margir sem áður hlupu ganginn staldra nú við og fræðast um eitthvað áhugavert.

LAGNAVIÐGERÐIR
Lagnaviðgerðir ehf. - 501 1000 - 673 1000

ÞARF AÐ FÓÐRA EÐA LAGA SKÓLPLAGNIR Í ÞINNI FASTEIGN?

Stórar eða litlar, umferð eða ekki, við höfum úrval af lausnum fyrir þínar fráveitulagnir.

Lagnaviðgerðir býður upp á aðferð sem felur í sér að byggja upp fullkomna lögn í þeirri eldri. Lausnir okkar auka virði þinnar eignar.

Lágmarkaðu truflun við íbúa og viðskiptavini, forðastu óþarfa uppgröft og múrbrot. Fóðraðu meira af þínu lagnakerfi.

Hafðu samband
Sími. 581-1888
www.lagnavidgerdir.is

HLÚM HVERT AÐ ÖÐRU OG OKKUR!



Mikið úrval. Einstök gæð. Sterk siðvitund.



Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-18
Lau: 11-16

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

TUDOR rafgeymar

Er snjósleðinn tilbúinn fyrir páskana?

Veldu öruggt start með TUDOR



SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

Séra Skúli Ólafsson skrifar

Vorsins veldi

Þegar ég skrifaði predikun fyrir aftansöng á gamlárskvöld nú um áramótin, rifjaðist það upp fyrir mér þegar ég sat við sömu iðju í árslok 2007. Þá setti ég mig heldur betur í spámannlegar stellingar og taldi að komandi ár hefði alla burði til að boða eitthvað gott. Meira í gamni en alvöru, þá studdi ég mál mitt þeim orðum að ártalið sem í vændum var, væri einkar fallett á að líta. Þversumman er tíu og talan er römmuð inn af hæstu og lægstu sléttu tölunum í tugakerfinu! Ég lét það að þessu sinni eiga sig að spá hinu sama fyrir þetta ár sem hefur nú lokið þriðjungi sínum og lítur ekki síður vel út á blaði.

Ekki þarf að fjölyrða um það að árið 2020 hefur hingað til verið alveg voðalegt! Og sem slíkt mun það verða minnstætt ekki síður en 2008.

Heilinn er næmur fyrir skuggum og þeir grafa sig inn í vitund og minningu. Þegar við rýnum í umhverfi okkar og sögu tókum við fremur eftir því sem er háskalegt en hinu sem er gott og öruggt. Það á sér sínar ástæður eins og flest annað. Við værum varla til, ef forfeður okkar og formæður, hefðu ekki í gegnum tíðina verið sífellt vakandi fyrir hverju því sem hefði getað stýtt ævi þeirra eða rýrt lífsgæði. Það þarf því ekkert sérstakt átak til að skynja umhverfið með þessum hætti – við getum sagt að við séum „forrituð“ til þess arna.

Þá sýna dæmin að fátt eflir okkur meira í sjálfri lífslistinni

en mótlæti, sársauki og sorg. Þetta eru strangir kennarar en ef við tókum við erindi þeirra af auðmýkt og framsýni þá er víst leitun að betri fræðslu í tilverunni.

Þetta er líka erindi Biblíunnar til okkar nú á mörkum vetrar og vors. Páskarnir koma í kjölfar lönguföstu og dymbilviku þegar við hugleiðum myrkrið og þjáninguna. Davíð Stefánsson frá Fagraskógi orti um þá eftirminnilegan óð. Þar stendur:

Ég sé þig hæddan hanga á Hausaskeljastað. - Þann lausnardaginn langa var líf þitt fullkomnað.

Hér vísar skáldið í hinu orði Kristis í Jóhannesarguðspjalli: „Það er fullkomnað.“ Sú yfirlýsing hefur verið mörgum ráðgáta en í þessu samhengi mennskunnar þá verður þrautardagurinn langi að lausnardegi. Framundan var upprisan þegar myrkur kulda vék fyrir hlýjum kærleika þess sem „stýrir vorsins veldi og verndar hverja rós.“

Þarna leiðir skáldið okkur úr myrkrinu í ljósið. Reynslan sýnir að skuggar eiga miklu greiðari aðgang að okkur en birtan. Erindi páskanna til okkar er að berjast fyrir ljósinu. Það krefst jú hugrekki að lifa í kærleika, að umfaðma gleðina, já og sannarlega þarf kjark til treysta öðru fólki. En þar er ekki bara skjól gegn ógn og hlé frá þrautum. Þar er vöxtur okkar og vegferð til bættrar veru.

Við höfum hingað til tekið mið af hrunárinu þegar við ræðum



Séra Skúli Ólafsson.

tímaskeið fortíðar. Hið sama mun vafalítið eiga við um það ár sem við lifum nú. „Fyrir/eftr Covid“ eigum við sjálfsagt eftir að segja á komandi árum.

Senn göngum við út úr hremmingum, vonandi með aukinn þroska og dýpri þekkingu. Við höfum séð hvernig breyttir lífshættir okkar hafa reynst náttúrunni langþráð og kærkomið hlé frá mengun og ásókn í takmörkuð gæði. Óskandi er að sjálf höfum við fundið kyrrð innra með okkur og kynnst okkar nánasta fólki betur en áður.

Mikilvægast er hugrekkið að sjá hið bjarta og fagra í heiminum – nokkuð sem krefst meira átaks en að greina skuggana sem óttasleginn hugurinn finnur í hverju horni. Því þótt það hafi kennt okkur að lifa af, þá kennir vonin okkur að lifa.

Þetta er erindi páskanna til okkar.

Nú fer senn að vora og eru páskarnir á næsta leyti!

Búðin okkar fer því að fyllast af fallegum páskaliljum, greinum, laukum, gulum túlipönum og fleiru fallegu fyrir páskana.

Opið er hjá okkur á milli 9-18 alla virka daga og á milli 11-18 um helgar.

Minum einnig á að hægt er að panta heimsendingu á blómum í gegnum síma 552-6070.

Blómagallerí, Hagamel 67.

b



Netverslun:
systrasamlagid.is

Neskirkja - á tímum samkomubanns

Allt hefðbundið helgihald fellur niður meðan á banninu stendur og flest annað safnaðarstarf.

**Kirkjan og safnaðarheimili eru opin:
Þriðjudaga til fimmdaga kl. 10 - 15
Sunnudaga kl. 11 - 12**

**Hægt að hringja í kirkjuna á opnunartíma:
511 1560 eða hafa samband við prestana:**

Sr. Skúli S. Ólafsson
- Sími 846 6714 - skuli@neskirkja.is

Sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir
- Sími 6622677 - steinunn@neskirkja.is

*Fólk er velkomið í safnaðarheimilið
eða kirkju til að kveikja á kerti, fá
fyrirbæn eða sitja í kyrrð.*

*Á sunnudögum er ekki hefðbundið
helgihald en leikin verður tónlist
og hægt verður að kveikja bænarkerti
ef fólk vill setjast inn í kirkjuna.
Prestur og organisti verða á staðnum.*



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

ALLAR OKKAR PEYSUR ERU PRJÓNAÐAR Á ÍSLANDI

VELJUM ÍSLENSKT



HANDPRJÓNASAMBAND
ÍSLANDS

Skólavörðustígur 19 & Borgartún 31
s: 552 1890
handknitted.is



Hjartað í Vesturbænum

Síðastliðið ár varð Knattspyrnufélag Reykjavíkur 120 ára. Fyrstu heimildir um aðstöðu félagsins má finna um aldamótin 1900. Þar segir að völlum félagsins hafi verið ósléttur, grýttur, holóttur og illa strikaður. Stærð hans hafi jafnvel verið með öllu óákveðin, því takmörk voru sett af handahófi. Enginn leikmanna hafi átt viðeigandi knattspyrnskó svo fótabúnaður var með margvíslegu móti. Sumir klæddust jafnvel kúskinnis- eða selskinnsskóm. Knötturinn hafi þótt óþægilegur viðureignar, linur og gúlóttur og sá hafi þótt fimastur leikmanna sem sparkaði knettinum lengstan veg.

Öllum þessum árum síðar hefur starfsemi KR tekið miklum breytingum og talsverðum framförum. Ekkert hverfisíþróttafélag innan Reykjavíkur býður uppá samskonar úrval íþróttageirna. Samt sem áður er fasteignamat íþróttamannvirkja hvergi lægra en í Vesturbæ Reykjavíkur. Hverfiskiþróttafélag gefur til kynna að þátttaka barna í íþróttastarfi sé hvergi lægri en hjá KR – nema þá í Breiðholti. Borgin hefur þó brugðist við stöðunni í Breiðholti með verulegri uppbyggingu íþróttamannvirkja fyrir ÍR. Nú hlýtur röðin að vera komin að KR.



Hugmyndir um nýtt skipulag á KR-svæðinu frá 2017.

Ákveðið að vinna nýtt deiliskipulag

Í ársbyrjun 2017 var skipaður starfshópur sem annast átti viðræður Reykjavíkurborgar og KR um framtíðaruppbyggingu á umráðasvæði félagsins. Vinnunni lauk sama ár með undirritun viljayfirlýsingar milli borgarstjóra og formanns KR. Ákveðið var að vinna nýtt deiliskipulag fyrir svæðið samkvæmt fyrirbyggðum tillögum. Í kjölfarið yrði gengið frá samningi milli aðila um framkvæmdina, stofnkostnað, tímaáætlanir og aðrar útfærslur.

Frá þessum tíma hefur lítið gerst. Borgin hefur látið hjá líða að klára deiliskipulag, og málið því stótt í öngstræti.

Að jafna aðstöðu

Nýlega var unnin ný íþróttastefna fyrir Reykjavíkurborg. Hún hefur það lykilmarkmið að jafna aðstöðu til þátttöku í íþróttum, með áherslu á að jafna aðstöðumun. Í stefnunni er fjallað um aðstöðumál íþróttafélaga og þess getið að fara þurfi í uppbyggingamál hjá KR við Frostaskjól. Þar verði um að ræða mannvirki,



Hildur Björnsdóttir borgarfulltrúi.

knattþús, íþróttahús, knattspyrnavöll og húsnæði fyrir félagstengda þjónustu. Jafnframt verði gert ráð fyrir verulegu magn íbúðabygginga á svæðinu. Þetta verði hins vegar ekki unnt að leysa fyrir en deiliskipulagsvinnu verður lokið. Eftir hverju erum við að bíða?

Hröðun opinberra framkvæmda

Við heimsbygðinni blasir nú heimsfaraldur sem óhjákvæmilega mun hafa ófyrirséðar neikvæðar efnahagsafleiðingar fyrir Reykjavíkurborg. Undirrituð hefur kynnt tillögur Sjálfstæðisflokks um mótvægisáðgerðir vegna stöðunnar. Ein tillagan miðar að hröðun opinberra framkvæmda svo halda megi hjólum atvinnulífsins gangandi - verja störf og afkomu heimilanna. Meðal framkvæmda sem mætti flýta er löngu tímabær uppbygging íþróttamannvirkja við Frostaskjól.

Grýttir og holóttir samningar

Samningar við borgina hafa minnt óþægilega á aðstöðu félagsins um aldamótin 1900 – grýttir, holóttir og með öllu óákveðin. En tölfræðin er öll á sama veg. Knattspyrnufélag Reykjavíkur er næst í röðinni. Þar er þörfin brýnust. Ég skora á borgina að ljúka fyrirhugaðri deiliskipulagsvinnu og hraða nauðsynlegri uppbyggingu. Það er löngu tímabært réttlætismál - fyrir hjartað í Vesturbænum.

Hildur Björnsdóttir, Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks.

Úthlutun styrkja í félagsstarf á vegum félagsmiðstöðva Velferðarsviðs í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum Heiti potturinn

Heiti potturinn er sjóður sem styrkir opið félagsstarf í félagsmiðstöðvum og samfélagshúsum í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum.

Félagsstarf í félagsmiðstöðvum/ samfélagshúsum Velferðarsviðs er vettvangur samskipta og skapandi athafna til þess að koma í veg fyrir félagslega einangrun. Einstaklingar og hópar geta sótt um styrki vegna verkefna í opnu félagsstarfi s.s. vegna námskeiða, ferðalaga, íþróttaiðkunar, fræðslu og skemmtana. Leitast skal við að veita styrki til verkefna sem eru opin öllum þátttakendum í félagsstarfi og falla að hlutverki félagsmiðstöðva/samfélagshúsa eða teljast á annan hátt vera í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun í félagsstarfi.

Sjóðurinn styrkir einnig eflingu og þróun á verkefnum sem þegar eru í gangi.

Markmið:

- Að auka þátttöku og virkni í opnu og sjálfbæru félagsstarfi.
- Að auka hlut íþróttaiðkunar og hreyfingar í opnu og sjálfbæru félagsstarfi.
- Að efla fræðslu og miðlun upplýsinga í opnu og sjálfbæru félagsstarfi.
- Að rækta félagsauð og auka fjölbreyti í opnu og sjálfbæru félagsstarfi.

Reglur:

- Umsækjendur séu eldri en 18 ára.
- Verkefnið verði framkvæmt í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum.
- Úthlutað verður allt að 500.000 kr.
- Sjálfstæðir hópar, félög eða einstaklingar geta fengið styrk úr sjóðnum.
- Við upphaf verkefnis skrifar styrkþegi undir samning um framkvæmd verkefnisins.
- Í lok verkefnis skulu styrkþegar gera grein fyrir ráðstöfun styrksins með lokaskýrslu.
- Styrkurinn er skattskyldur.

Umsókn skal senda inn á netfangið: hordur.heidar.gudbjornsson@reykjavik.is

Nánari upplýsingar veitir Hörður Heiðar Guðbjörnsson í þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, sími – 411-1600

Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl 2020.

Umsóknareyðublað má nálgast á heimasíðu þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða: <https://reykjavik.is/heiti-potturinn-styrkur-i-felagsstarfi-i-vesturbae-midborg-og-hlidum> eða með því að hafa samband við Hörð.

HUMBAUR

Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!



Startrailer 1280

750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm. Verð: 160.000 kr. m/vsk.



Gerð 1376

Opnanleg að framan. 750 kg. Mál: 205x131x35 cm. Verð: 220.000 kr. m/vsk.



Gerð 1374

Opnanleg að framan. 750 kg. Mál: 251x131x35 cm. Verð: 260.000 kr. m/vsk.



Gerð 1384

Sturtanleg. 750 kg. Mál: 251x131x35 cm. Verð: 300.000 kr. m/vsk.



Gerð 1339

Opnanleg að framan. 1300 kg. Mál: 303x150x35 cm. Verð: 450.000 kr. m/vsk. en með skráningu.



Gerð 2331

Opnanleg að framan. 2500 kg. Mál: 303x150x35 cm. Verð: 550.000 kr. m/vsk. en með skráningu.



Flatvagnar

Ýmsar gerðir og stærðir, frá 2000 kg. 3.1x1.65m. Verð: 570.000 kr. m/vsk., en með skráningu.

Topplausnir

Smíðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi. Veitum upplýsingar í síma: 517 7718. Heimasíða: www.topplausnir.is

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

A Hjálparstarfsmannum 1717 starfa vörðulega og hjálpa þeim sem eru alltaf til tak.

Líður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

Való – Hagó dagurinn

Kappræður um hvort list sé hætt að vera frumleg

Való – Hagó dagur var haldinn fimmtudaginn 26. febrúar sl. Nemendaráð Valhúsa- og Hagaskóla hafa í samstarfi við starfsfólk félagsmiðstöðvanna Selsins og Frosta skipulagt þennan dag og á því var engin breyting í ár. Vegna framkvæmda við íþróttahúsið á Seltjarnarnesi hefur ekki tekist að halda þennan dag síðustu tvö ár svo það má með sannri segja að eftirvænting unglíngana hafi verið mikil.

Dagurinn hófst á íþróttakeppni í íþróttamiðstöð Seltjarnarness þar sem lið skólanna áttust við í hinum ýmsu kappleikjum. Eftir tveggja tíma hasar stóðu leikar þannig að Hagaskóli hafði sigrað þrjá viðburði en Valhúsaskóli sigraði tvo. Seinni hluti keppinnar var haldinn um kvöldið í Hagaskóla. Þar mættust ræðulið skólanna sem höfðu verið miklum tíma í undirbúning ræðukeppni. Umræðuefni kvöldsins var „List er hætt að vera frumleg“ Hagaskóli mælti með en Valhúsaskóli á móti. Ræðukeppnin var afar spennandi og allir ræðumenn stóðu sig með mikilli þryði. Meðan beðið var eftir úrslitum hófst sameiginlegt ball skólanna þar sem rapparinn Flóni tróð upp við mikinn fögnuð. Það var



Áhugasamir krakkar fylgjast með á Való - Hagó deginum.

spennubrungrin stund þegar fundarstjóri ræðukeppinnar las upp úrslitin. Ræðulið Valhúsaskóla, skipað þeim Kristni Rúnari Þórarinssyni, Tinnu Rán Kristjánsdóttur, Elínu Eir Andersen og Halldóri Kára Þórhallssyni unnu keppnina og var Halldór Kári valinn ræðumaður kvöldsins. Eftir 10 ára eyðimerkurgöngu stóð Valhúsaskóli uppi með pálmann í höndunum sem sigurvegari Való - Hagó dagsins.

Mikil fagnaðarlæti brutust út og bikarinn kominn aftur út á Nes. Nemendur Hagaskóla munu án efa koma einbeitt til leiks að ári og verður spennandi að sjá hvort Valhúsaskóla tekst að verja titilinn.

Þessi dagur er mikilvægt verkefni í að efla samkennd og vináttu milli þessara nágrannaskóla, brjóta upp hversdagsleikann og gera sér glaðan dag.

Reykjavík
RÖST
Coffee house & bar

Við gömlu höfnina

reykjavikrost.is

Gleðilega páska kætu vini!



Þessir tímar reyna á okkur öll. Dómkirkjan sendir sínar bestu kveðjur með ósk og bæn um samstöðu og þolgæði í mótlætinu og að upprisuboðskapur páskanna blessi allt okkar samfélag.

Fylgist með okkur á fésbókarsíðu Dómkirkjunnar og á domkirkjan.is



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:
Mánud. Þriðjud. og miðvikud.
13:00-14:30

Fimmtudaga
13:00-14:30 og 17:00-19:30

Föstudaga
13:00-14:30

Laugardaga og sunnudaga
13:00-17:00

Skólar og sérhópar:
Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.

FYRIRTAK
málningarþjónusta

TRAUST
OG
ÁBYRG
ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI



LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

GETRAUNANÚMER KR
107

GETRAUNIR.IS



EYECARE



Byltingarkennd nýjung í margskiptum glerjum

50–65%
stærra
lessvæði



Velkomin
í nýja
verslun
okkar á
Hafnartorgi



SJÓNMAELINGAR
Tímapantanir: 528 8505

Optical Studio
HAFNARTORGI